

ÁKVÖRDUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 2317/2003/EB

2006/EES/58/45

frá 5. desember 2003

um að koma á fót áætlun um að auka gæði æðri menntunar og efla skilning á annarri menningu með samvinnu við þriðju lönd (Erasmus Mundus áætlunin) (2004 til 2008) (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 149. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽³⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽⁴⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Evrópubandalagið skal stuðla að þróun góðrar menntunar, m.a. í samvinnu við þriðju lönd.
- 2) Í niðurstöðum fundar leiðtogaáráðsins, sem haldinn var í Lissabon (23. og 24. mars 2000), var lögð áhersla á nauðsyn þess að aðildarríkin aðlagi mennta- og starfsmenntakerfi sín að þörfum þekkingarsamfélagsins til að verða við kröfum hnattvæðingarinnar.
- 3) Á fundi sínum í Stokkhólmi (23. og 24. mars 2001) tilkynnti leiðtogaáráðið að eftirfylgd við markmið mennta- og starfsþjálfunarkerfanna skyldi metin í alþjóðlegu samhengi. Á fundi sínum í Barcelona (15. og 16. mars 2002) staðfesti leiðtogaáráðið að ein af þremur reglum vinnuáætlunar ársins 2010 um mennta- og starfsþjálfunarkerfi væri að opna þau fyrir hinum stóra heimi.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2004 frá 26. apríl 2004 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 43, 26.8.2004, bls. 166.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 331 E, 31.12.2002, bls. 25.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 95, 23.4.2003, bls. 35.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 244, 10.10.2003, bls. 14.

⁽⁴⁾ Álit Evrópuþingsins frá 8. apríl 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 16. júní 2003 (Stjtið. ESB C 240 E, 7.10.2003, bls. 1) og afstaða Evrópuþingsins frá 21. október 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

- 4) Á fundi sínum í Bologna (19. júní 1999) lýstu evrópskir menntamálaráðherrar því yfir í sameiginlegri yfirlýsingu að nauðsynlegt væri að tryggja að æðri menntun í Evrópu yrði eftirsóknarverð um allan heim í samræmi við helstu afrek Evrópu á sviði menningar og vísinda.

- 5) Á fundi sínum í Prag (19. maí 2001) lögðu menntamálaráðherrar Evrópu, sem hafa umsjón með æðri menntun, ennfremur áherslu á mikilvægi þess að gera æðri menntun í Evrópu eftirsóknarverðari fyrir námsmenn frá Evrópu og öðrum heimshlutum.

- 6) Í orðsendingu sinni um að efla samvinnu við þriðju lönd á sviði æðri menntunar hélt framkvæmdastjórnin því fram að aukin alþjóðavæðing á sviði æðri menntunar væri nauðsynleg til að bregðast við kröfum hnattvæðingarferlisins ásamt því að tilgreina heildarstefnumarkmið í tengslum við samvinnu við þriðja land á þessu sviði og leggja til raunhæfar aðgerðir til að ná þessum markmiðum.

- 7) Í ályktun ráðsins frá 14. febrúar 2002 um að auka fjölbreytni á sviði tungumála og efla tungumálanám innan ramma framkvæmdar markmiða fyrir ár tungumálanna í Evrópu 2001 ⁽⁵⁾ er lögð áhersla á nauðsyn þess að Evrópusambandið taki tillit til reglunnar um fjölbreytni tungumála í tengslum við þriðju lönd.

- 8) Markmið háskólastofnana í Evrópusambandinu er að auka hlutfall alþjóðlegra, hreyfanlegra námsmanna. Almennt er viðurkennt að miklir möguleikar liggja í sameiginlegum styrk æðri menntastofnana í Evrópu, í fjölbreyttu framboði þeirra á menntun og mikilli reynslu af netsamstarfi og samstarfi við þriðju lönd, sem gerir kleift að bjóða upp á afar vönduð námskeið sem einungis er að finna í Evrópu, og að jafna alþjóðlegan hreyfanleika innan Bandalagsins og samstarfslanda þess.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB C 50, 23.2.2002, bls. 1.

- 9) Æðri menntastofnanir í Evrópu skulu halda áfram að vera í fararbroddi þróunar. Í þessu skyni skulu þær hvetja til samvinnu við stofnanir í þriðju löndum sem hafa náð sambærilegu þróunarstigi og æðri menntastofnanir í Bandalaginu. Líta skal á æðri menntun sem eina heild þar sem æðri starfsmenntun myndar órofa heild að teknu tilliti til sérstakra menntunarleiða eins og verkfræði- eða tæknifræðinám.
- 10) Markmiðið með þessari áætlun er að stuðla að því að auka gæði æðri menntunar í Evrópu og hafa á sama tíma áhrif á sýnileika og skilning á Evrópusambandinu um allan heim ásamt því að skapa góðvild þeirra sem hafa tekið þátt í áætluninni.
- 11) Með þessari áætlun er kveðið á um stofnun „Erasmus Mundus meistaranámsáætlunarinnar sem gerir námsmönnum kleift að ferðast um Evrópu og stunda nám við nokkra mismunandi háskóla. Taka skal tillit til þessarar nýju Evrópuviddar í æðri menntun þegar yfirstandandi áætlanir eru endurskoðaðar, eins og Sókrates (Erasmus), til að unnt sé að gera fullnægjandi ráðstafanir til að auka aðgang evrópskra námsmanna að áætluninni.
- 12) Bandalagsaðgerðinni skal stýrt á gagnsæjan, notendavænan, opinn og skiljanlegan hátt.
- 13) Til að stuðla að alþjóðlegum hreyfanleika skal Bandalagið vera vakandi fyrir því sem almennt er nefnt „atgervisflótti“.
- 14) Nauðsynlegt er að styrkja viðleitni Bandalagsins til að stuðla að skoðanaskiptum og skilningi milli menningarsamfélaga um allan heim, með hliðsjón af félagslegri vidd æðri menntunar og lýðræðislegum hugsjónum ásamt virðingu fyrir mannréttindum, þ.m.t. jafnrétti kynjanna, einkum þar sem hreyfanleiki stuðlar að uppgötvun nýrra menningarsamfélaga og félagslegs umhverfis og eykur víðsýni en þar sem tryggt er að enginn hópur borgara eða ríkisborgara í þriðja landi séu undanskildir eða beri skarðan hlut frá borði eins og um getur í 1. mgr. 21. gr. í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.
- 15) Í því skyni að auka ávinning af aðgerðum Bandalagsins er nauðsynlegt að tryggja að aðgerðir, sem eru framkvæmdar innan ramma þessarar ákvörðunar, séu í réttu samhengi við og til fyllingar öðrum viðkomandi stefnumálum, gerningum og aðgerðum Bandalagsins, einkum sjöttu rammaáætlun á sviði rannsókna sem komið var á fót með ákvörðun nr. 1513/2002/EB (1). og ytri samstarfsáætlunum á sviði æðri menntunar.
- 16) Í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum) er kveðið á um nánari samvinnu á sviði menntunar, starfsþjálfunar og æskulýðsmála milli Evrópubandalagsins og aðildarríkja þess annars vegar og þeirra landa Fríverslunarsamtaka Evrópu sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu (EFTA/EES-ríki) hins vegar. Ákvarða skal skilyrði og nákvæmar reglur fyrir þátttöku framangreindra landa í þessari áætlun í samræmi við viðeigandi ákvæði EES-samningsins.
- 17) Ákvarða skal skilyrði og nákvæmar reglur til að samstarfslöndin í Mið- og Austur-Evrópu geti tekið þátt í þessari áætlun í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í Evrópusamningunum, í viðbótarbókunum við þá og í ákvörðunum viðkomandi samstarfsráða. Að því er varðar Kýpur skal fjármagna þátttökuna með aukafjárveitingum í samræmi við málsmeðferð sem síðar verður samið um við það. Að því er varðar Möltu og Tyrkland skal fjármagna þátttökuna með aukafjárveitingum í samræmi við ákvæði sáttmálans.
- 18) Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu vinna saman að því að láta fara fram reglubundið eftirlit og mat á þessari áætlun til þess að unnt sé að gera breytingar, einkum á forgangi framkvæmdar ráðstafananna. Matið skal ná yfir utanaðkomandi mat sem er unnið af sjálfstæðum aðilum.
- 19) Þar eð aðildarríkin geta ekki náð markmiðum fyrirhugaðrar áætlunar varðandi framlag Evrópusamstarfs til góðrar menntunar nægilega vel, m.a. vegna þess að þörf er fyrir marghliða samstarf, marghliða hreyfanleika og gagnkvæma miðlun upplýsinga milli Bandalagsins og þriðju landa, er auðveldara að ná þeim á vettvangi Bandalagsins vegna þess að aðgerðir og ráðstafanir Bandalagsins eru með fjölþjóðlegu sniði og því er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og hún er sett fram í 5. gr. sáttmálans. Með þessari ákvörðun er ekki gengið lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum í samræmi við meðalhófsregluna eins og hún er sett fram í framangreindri grein.

(¹) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins EB nr. 1513/2002/ frá 27. júní 2002 um sjöttu rammaáætlun um aðgerðir Evrópubandalagsins á sviði rannsókna, tæknipróunar og tilraunaverkefna sem ætlað er að stuðla að sköpun evrópsks rannsóknasvæðis og nýsköpun (2002 til 2006) (Stjtið. EB L 232, 29.8.2002, bls. 1).

- 20) Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um fjárhagsramma sem gildir meðan áætlunin varir og er helsta viðmiðun fjárveitingavaldsins við árlega fjárlagagerð í skilningi 33. liðar samstarfssamnings frá 6. maí 1999 milli stofnana Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um eftirlit með fjárlögum og endurbætur á afgreiðslu fjárlaga (1).
- 21) Samþykking skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari ákvörðun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið (2).

ÁKVÆÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Áætluninni komið á fót

1. Með þessari ákvörðun er komið á fót áætlun, „Erasmus Mundus“ (hér á eftir nefnd „áætlunin“), til að auka gæði æðri menntunar í Evrópusambandinu og efla skoðanaskipti milli menningarsamfélaga með samvinnu við þriðju lönd.
2. Þessi áætlun skal koma til framkvæmda á tímabilinu frá 1. janúar 2004 til 31. desember 2008.
3. Þessi áætlun skal styðja við og koma til viðbótar aðgerðum af hálfu aðildarríkjanna og innan þeirra jafnframt því að virða að fullu ábyrgð þeirra á innihaldi og skipulagi mennta- og starfsþjálfunarkerfa og margbreytileika þeirra með tilliti til tungumáls og menningar.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „æðri menntastofnun“: hvers konar æðri menntastofnun, í samræmi við landslög eða venjur, sem veitir menntun og hæfi eða prófskirteini á því menntastigi án tillits til þess hvað slíkar stofnanir kunna að vera kallaðar.
2. „námsmenn frá þriðja landi sem hafa lokið grunnnámi í háskóla“: ríkisborgari frá þriðja landi aðrir en þeir sem eru frá EES-EFTA-ríkjum og umsóknarlöndum um aðild að Evrópusambandinu sem hafa lokið 1. háskólagráðu og eru ekki búsettir í einhverju aðildarríkjanna eða þátttökulandanna, sem kveðið er á um í 11. gr. og sem hafa ekki

innt af hendi meginverkefni sín (nám, vinnu o.s.frv.) í meira en 12 mánuði síðustu fimm árin í einhverju af aðildarríkjunum eða þátttökulöndunum og sem hafa verið samþykktir fyrir eða skráðir í Erasmus Mundus meistara-námsáætlunina sem er lýst í viðaukanum.

3. „fræðimaður þriðja lands“: ríkisborgari frá þriðja landi aðrir en þeir sem eru frá EES-EFTA-ríkjum og umsóknarlöndum um aðild að Evrópusambandinu sem eru ekki búsettir í einhverju aðildarríkjanna eða þátttökulandanna, sem kveðið er á um í 11. gr. og sem hafa ekki innt af hendi meginverkefni sín (nám, vinnu o.s.frv.) í meira en 12 mánuði síðustu fimm árin í einhverju af aðildarríkjunum eða þátttökulöndunum en sem hafa sýnt frábæran árangur á fræðilega sviðinu og/eða á sviði starfsreynslu.

4. „grunn nám eða framhaldsnám í háskóla“: námskeið á sviði æðri menntunar í kjölfar fyrstu háskólagráðu sem tekur a.m.k. þrjú ár og leiðir til annarrar eða hærri gráðu.

3. gr.

Markmið áætlunarinnar

1. Heildarmarkmið áætlunarinnar er auka gæði æðri menntunar í Evrópu með því að hlúa að samvinnu við þriðju lönd til að bæta þróun mannauðs og stuðla að skoðanaskiptum og auknum skilningi milli þjóða og menningarsamfélaga.
2. Tiltekin markmið áætlunarinnar eru eftirfarandi:
 - a) að stuðla að gæðatilboði á sviði æðri menntunar með skýrum evrópskum ávinningi sem er eftirsóknarvert bæði innan Evrópusambandsins og utan,
 - b) að hvetja og gera mjög hæfum einstaklingum sem hafa lokið grunnnámi í háskóla og fræðimönnum frá öllum heimshornum kleift að öðlast menntun og hæfi og/eða reynslu í Evrópusambandinu,
 - c) að koma á skipulegri samvinnu milli Evrópusambandsins og stofnana í þriðju löndum ásamt því að auka hreyfanleika frá Evrópusambandinu sem er liður í evrópskum námsáætlunum,
 - d) að bæta aðgengi að og styrkja sérstöðu og sýnileika æðri menntunar í Evrópusambandinu.
3. Þegar framkvæmdastjórnin framfylgir markmiðum áætlunarinnar skal hún fylgja almennri stefnu Bandalagsins um jöfn tækifæri karla og kvenna. Framkvæmdastjórnin skal einnig tryggja að enginn hópur borgara eða ríkisborgara þriðja lands sé undanskilinn eða beri skarðan hlut frá borði.

(1) Stjtið. EB C 172, 18.6.1999, bls. 1. Samningur eins og honum var breytt með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/429/EB (Stjtið. EB L 147, 14.6.2003, bls. 25).

(2) Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

4. gr.

Aðgerðir áætlunarinnar

1. Almennum markmiðum áætlunarinnar, eins og þau eru sett fram í 3. gr., skal framfylgt með eftirfarandi aðgerðum:

- a) Erasmus Mundus meistaranámsáætlun sem er valin á grundvelli gæða fyrirhugaðrar kennslu og móttöku námsmanna,
- b) áætlun um námsstyrki,
- c) samvinnu við æðri menntastofnanir þriðju landa,
- d) ráðstöfunum til að gera Evrópu að eftirsóknarverðari menntunarstað,
- e) tæknilegum stuðningsráðstöfunum.

2. Þessum aðgerðum skal hrint í framkvæmd með því að nota málsmeðferðina, sem er lýst í viðaukanum, og með því að nota eftirfarandi leiðir sem heimilt er að sameina eftir því sem við á:

- a) að styðja við þróun sameiginlegra menntaáætlana og samstarfsneta til að auðvelda gagnkvæma miðlun reynslu og góðra starfsvenja,
- b) að auka stuðning við hreyfanleika, milli landa í Bandalaginu og þriðju landa, einstaklinga á sviði æðri menntunar,
- c) að efla tungumálakunnáttu, einkum með því að gefa námsmönnum kost á að læra a.m.k. tvö af þeim tungumálum sem eru töluð í þeim löndum þar sem menntastofnanirnar eru, sem tengjast Erasmus Mundus meistaranámsáætluninni, og að auka skilning á öðrum menningarsamfélögum,
- d) að styðja við tilraunaverkefni sem byggja á samstarfi milli landa með nýsköpun og gæði á sviði æðri menntunar að leiðarljósi,
- e) að styðja við greiningu og eftirlit með breytingum og þróun á sviði æðri menntunar í alþjóðlegu tilliti.

5. gr.

Þátttaka í áætluninni

Samkvæmt aðstæðum og fyrirkomulagi við framkvæmdina, sem er tilgreind í viðaukanum, og með hliðsjón af skilgreiningunum í 2. gr. miðast áætlunin einkum við:

- a) æðri menntastofnanir,
- b) námsmenn sem hafa lokið fyrstu háskólagráðu frá æðri menntastofnun,
- c) fræðimenn eða sérfræðinga sem stunda kennslu eða rannsóknir,
- d) starfsfólk sem starfar beint við æðri menntun,
- e) aðrar opinberar stofnanir eða einkastofnanir á sviði æðri menntunar sem einungis er heimilt að taka þátt í aðgerð 4 og 5 í viðaukanum.

6. gr.

Framkvæmd áætlunarinnar og samvinna við aðildarríkin

1. Framkvæmdastjórnin skal:

- a) tryggja að aðgerðir Bandalagsins, sem falla undir áætlunina, komi til framkvæmda á skilvirkan hátt í samræmi við viðaukann,
- b) taka tillit til tvíhliða samstarfs aðildarríkjanna við þriðju lönd,
- c) hafa samráð við hlutaðeigandi samtök og stofnanir á sviði æðri menntunar á evrópskum vettvangi og leggja álit sitt fyrir nefndina sem um getur í 8. gr.,
- d) leitast við að skapa samvirkni og þróa sameiginlegar aðgerðir með öðrum áætlunum og aðgerðum Bandalagsins á sviði æðri menntunar og rannsókna.

2. Aðildarríkin skulu:

- a) gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að áætlunin beri árangur í aðildarríkjunum og virkja í því skyni alla aðila sem eiga hlut að menntun í samræmi við innlendar venjur ásamt því að leitast við, eftir því sem kostur er, að gera þær ráðstafanir sem þau telja nauðsynlegar til að ryðja úr vegi lagalegum og stjórnsýslulegum hindrunum,
- b) tilnefna viðeigandi stofnanir sem skulu starfa náið með framkvæmdastjórninni,
- c) hvetja til mögulegrar samvirkni við aðrar áætlanir Bandalagsins og möguleg samsvarandi, svipuð, innlend framtaksverkefni í aðildarríkjunum.

3. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess í samstarfi við aðildarríkin:

- a) að veittar verði viðeigandi upplýsingar um aðgerðir sem eru styrktar samkvæmt þessari áætlun, þær verði kynntar og þeim fylgt eftir,
- b) að niðurstöðum aðgerða, sem falla undir áætlunina, verði miðlað.

7. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

1. Samþykkja skal eftirfarandi ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari ákvörðun, í samræmi við stjórnunarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 8. gr.:

- a) árlega starfsáætlun, þ.m.t. forgangsröðun,
- b) viðmiðanir og málsmeðferð við val, þ.m.t. samsetning og innri málsmeðferðarreglur dómnefndar og niðurstöður valsins fyrir aðgerð 1 með tilhlýðilegu tilliti til ákvæðanna sem eru sett fram í viðaukanum,

- c) almennar viðmiðunarreglur um framkvæmd áætlunarinnar,
- d) árlega fjárveitingu, skiptingu fjár milli hinna ýmsu aðgerða sem áætlunin tekur til og viðmiðun um fjárhæð styrksins,
- e) fyrirkomulag við eftirlit og mat á áætluninni og við miðlun og yfirfærslu niðurstaðna.
2. Samþykka skal tillögur að ákvörðunum varðandi niðurstöður vals, nema að því er varðar aðgerð 1, og allar aðrar ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari ákvörðun, í samræmi við ráðgjafarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 8. gr.

8. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.
- Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera tveir mánuðir.
3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.
4. Nefndin setur sér starfsreglur.

9. gr.

Fjármögnun

1. Fjárhagsramminn til að hrinda þessari áætlun í framkvæmd, á því tímabili sem er tiltekið í 1. gr., er 230 milljónir evra. Fyrir tímabilið sem hefst 1. janúar 2007 skal fyrirhuguð fjárhæð teljast staðfest fyrir viðkomandi áfanga ef hún er í samræmi við fjárhagsáætlunina, sem gildir fyrir tímabilið sem hefst 2007.
2. Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki fjárveitingavaldsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlunarinnar.

10. gr.

Samræmi og fylling

1. Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við aðildarríkin, tryggja fullt samræmi og fyllingu við önnur viðkomandi stefnumið, gerninga og aðgerðir Bandalagsins, einkum sjöttu rammaáætlunarinnar á sviði rannsókna og ytri samstarfsáætlanir á sviði æðri menntunar.
2. Framkvæmdastjórnin skal veita nefndinni, sem um getur í 1. mgr. 8. gr., upplýsingar með reglulegu millibili um framtaksverkefni Bandalagsins á viðkomandi sviðum, tryggja skilvirka tengingu og, eftir því sem við á, sameiginlegar aðgerðir milli áætlunar og áætlana og aðgerða á sviði menntunar sem fara fram innan ramma samvinnu Bandalagsins við þriðju lönd, þ.m.t. tvíhliða samningar, og þar til bærar alþjóðastofnanir.

11. gr.

Þátttaka EES-/EFTA-ríkja og umsóknarlanda um aðild að Evrópusambandinu

Ákvarða skal skilyrði og nákvæmar reglur fyrir þátttöku EES-/EFTA-ríkja og umsóknarlanda um aðild að Evrópusambandinu í áætluninni, í samræmi við viðeigandi ákvæði gerninganna sem ákvarða samskipti Evrópu-bandalagsins við þessi lönd.

12. gr.

Eftirlit og mat

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa reglubundið eftirlit með þessari áætlun í samstarfi við aðildarríkin. Taka skal niðurstöður eftirlits og mats til greina við framkvæmd þessarar áætlunar.

Eftirlitið skal ná til skýrslanna sem um getur í 3. mgr. og til sérstakrar starfsemi.

2. Framkvæmdastjórnin skal meta áætlunina með reglulegu millibili með hliðsjón af markmiðunum sem um getur í 3. gr., áhrif áætlunarinnar í heild og hvort aðgerðin samkvæmt áætluninni komi til fyllingar aðgerðum samkvæmt öðrum viðkomandi stefnumiðum, gerningum og aðgerðum Bandalagsins.

3. Framkvæmdastjórnin skal leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefnd Evrópu og svæðanefndina:

- a) við aðild nýrra aðildarríkja, skýrslu um fjárhagslegar afleiðingar sem aðildin hefur fyrir áætlunina ásamt, ef við á, tillögum um hvernig skuli fást við þær. Evrópuþingið og ráðið skulu taka ákvörðun um slíkar tillögur eins fljótt og unnt er.
- b) bráðabirgðaskýrslu um þann árangur sem hefur náðst um eigindlega þáttinn í framkvæmd þessarar áætlunar eigi síðar en 30. júní 2007,
- c) orðsendingu um framhald þessarar áætlunar eigi síðar en 31. desember 2007,
- d) lokaskýrslu eigi síðar en 31. desember 2009.

13. gr.

Gildistaka

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 5. desember 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

P. LUNARDI

forseti.

VIÐAUKI

AÐGERDIR BANDALAGSINS OG VALAÐFERDIR

- AÐGERÐ 1: ERASMUS MUNDUS MEISTARANÁMSÁÆTLUN
- AÐGERÐ 2: NÁMSSTYRKIR
- AÐGERÐ 3: SAMVINNA VIÐ ÆÐRI MENNTASTOFNANIR ÞRÍÐJA LANDS
- AÐGERÐ 4: AUKIN EFTIRSÓKN
- AÐGERÐ 5: TÆKNILEGAR STUÐNINGSRÁÐSTAFANIR
- VALAÐFERDIR

AÐGERÐ 1: ERASMUS MUNDUS MEISTARANÁMSÁÆTLUN

1. Bandalagið velur framhaldsnám í evrópskum háskóla sem verður, að því er varðar þessa áætlun, nefnt „Erasmus Mundus meistaranámsáætlun“ og mun valið byggjast á gæðum þeirra námskeiða sem eru í boði og móttöku námsmanna, eins og kveðið er á um í „Valaðferðir“ í þessum viðauka.
2. Að því er þessa áætlun varðar skal Erasmus Mundus meistaranámsáætlunin:
 - a) taka til a.m.k. þriggja æðri menntastofnana í þremur mismunandi aðildarríkjum,
 - b) hrinda í framkvæmd námsáætlun sem felur í sér námstíma við a.m.k. tvær af þremur stofnunum í a-lið,
 - c) hafa innbyggða tilhögun við viðurkenningu námstíma í samstarfsstofnunum sem byggist á eða samrýmist evrópsku viðurkenningarkerfi fyrir námseiningar,
 - d) leiða til veitingar sameiginlegra, tveggja eða fleiri en tveggja háskólagráða, sem aðildarríkin viðurkenna eða faggilda, frá stofnunum sem taka þátt í áætluninni,
 - e) taka frá lágmarksfjölda plássu fyrir námsmenn frá þriðja landi og taka á móti námsmönnum frá þriðja landi sem hafa fengið fjárstuðning samkvæmt áætluninni,
 - f) setja gagnsæ inntökuskilyrði þar sem m.a. er tekið tilhlýðilegt tillit til málefna kynjanna og jafnréttissjónarmiða,
 - g) samþykkja að virða þær reglur sem gilda um valaðferð sem er notuð til að velja styrkþega (námsmenn og fræðimenn),
 - h) gera viðeigandi ráðstafanir til að greiða fyrir aðgangi námsmanna frá þriðju löndum og móttöku þeirra (upplýsingabúnaður, gístiaðstaða o.s.frv.),
 - i) með fyrirvara um tungumálið sem kennt er á, sjá um að notuð verði a.m.k. tvö evrópsk tungumál, sem eru töluð í aðildarríkjunum þar sem æðri menntastofnanir eru sem tengjast Erasmus Mundus meistaranámsáætluninni, og, eftir því sem við á, að námsmenn njóti aðstoðar og undirbúnings í viðkomandi tungumáli einkum með því að sækja námskeið sem viðkomandi stofnanir skipuleggja.
3. Erasmus Mundus meistaranámsáætlunin verður skipulögð til fimm ára í senn með fyrirvara um einfalda, árlega endurnýjunaraðferð sem byggist á framvinduskýrslu þar sem tímabilið gæti falið í sér eins árs undirbúningsstarfsemi áður en hið eiginlega nám hefst. Reynt verður að kynna mörg mismunandi fræðasvið til jafns á gildistíma áætlunarinnar. Bandalaginu er heimilt að útvega fjárstuðning fyrir Erasmus Mundus meistaranámsáætlunina og fjárstuðningur er háður árlegu endurnýjunaraðferðinni.

AÐGERÐ 2: NÁMSSTYRKIR

1. Bandalagið skal koma á fót heildaráætlun um námsstyrki sem beinist að námsmönnum frá þriðju löndum sem hafa lokið grunnnámi í háskóla og fræðimönnum frá þriðju löndum.
 - a) Bandalaginu er heimilt að veita námsmönnum frá þriðju löndum, sem hafa eftir samkeppni fengið inngöngu í Erasmus Mundus meistaranámsáætlunina, fjárstuðning.
 - b) Bandalaginu er heimilt að veita gestafræðimönnum frá þriðju löndum hjá Erasmus Mundus meistaranámsáætluninni fjárstuðning í því skyni að stunda kennslu-, rannsóknar- og fræðistörf í stofnunum sem taka þátt í Erasmus Mundus meistaranámsáætluninni.

2. Námsmönnum frá þriðja landi, sem hafa lokið grunnnámi í háskóla og fræðimönnum, standa til boða námsstyrkir, eins og skilgreint er í 2. gr., án nokkurra skilyrða fyrir þátttöku önnur en þau að tengsl séu á milli Evrópusambandsins og upprunalands viðkomandi námsmanna og fræðimanna.
3. Framkvæmdastjórnin skal gera ráðstafanir til að tryggja að engir námsmenn eða fræðimenn fái fjárstuðning í sama tilgangi frá fleiri en einni Bandalagsáætlun.

AÐGERÐ 3: SAMVINNA VIÐ ÆÐRI MENNTASTOFNANIR ÞRIÐJA LANDS

1. Bandalaginu er heimilt að styðja við skipulögð tengsl milli Erasmus Mundus meistaranámsáætlunarinnar og æðri menntastofnana í þriðja landi. Með hliðsjón af sérlegum gæðaviðmiðum skal einnig taka tillit til ýmiskonar landfræðilegrar dreifingar stofnana í þriðja landi sem taka þátt í áætluninni. Samvinna myndar ramma fyrir hreyfanleika námsmanna í Evrópusambandinu og fræðimanna sem tengjast Erasmus Mundus meistaranámsáætluninni.
2. Samvinna:
 - tekur til Erasmus Mundus meistaranámsáætlunar og a.m.k. einnar æðri menntastofnunar í þriðja landi,
 - nýtur stuðnings í allt að þrjú ár,
 - myndar ramma fyrir hreyfanleika námsmanna sem eru skráðir í Erasmus Mundus meistaranámsáætlunina og kennara í þessari áætlun. Styrkhæfir námsmenn og fræðimenn skulu vera borgarar í Evrópusambandinu eða ríkisborgarar þriðja lands sem hafa haft löglega búsetu í Evrópusambandinu í a.m.k. þrjú ár (og í öðrum tilgangi en að stunda nám) áður en hreyfanleikinn hefst,
 - tryggir viðurkenningu námstímans hjá gististofnuninni (þ.e. ekki evrópskri stofnun).
3. Samvinnuverkefni geta einnig falið í sér:
 - kennslustörf hjá samstarfsstofnun sem styður þróun námsskrár verkefnisins,
 - skipti á kennurum, leiðsagnarkennurum, stjórnendum og öðrum viðeigandi sérfræðingum,
 - þróun og útbreiðslu nýrrar aðferðafræði á sviði æðri menntunar, þ.m.t. notkun upplýsinga- og samskipta-tækni, rafræns náms og opins náms og fjarnáms,
 - þróun samstarfverkefna með æðri menntastofnunum í þriðja landi í því augnamiði að bjóða upp á nám í viðkomandi landi.

AÐGERÐ 4: AUKIN EFTIRSÓKN

1. Með þessari aðgerð er Bandalaginu heimilt að styðja starfsemi sem miðar að því að bæta aðgengi að og styrkja sérstöðu og sýnileika æðri menntunar í Evrópusambandinu. Bandalagið skal einnig styðja starfsemi sem kemur til fyllingar markmiðum áætlunarinnar, þ.m.t. starfsemi sem varðar alþjóðlegt snið gæðatryggingar, viðurkenningu námseininga, viðurkenningu evrópskrar menntunar og hæfi í útlöndum og gagnkvæma viðurkenningu á menntun og hæfi í tengslum við þriðju lönd, þróun námsskrár og hreyfanleika.
2. Styrkhæfar stofnanir geta m.a. verið opinberar stofnanir eða einkastofnanir sem eru virkar á sviði æðri menntunar heima fyrir eða á alþjóðlegum vettvangi. Starfsemin skal fara fram innan netkerfis sem felur a.m.k. í sér þrjár stofnanir frá þremur mismunandi aðildarríkjum og hún getur einnig tekið til stofnana í þriðju löndum. Starfsemin (sem getur falið í sér málstofur, ráðstefnur, vinnufundi, þróun upplýsinga- og fjarskiptatækniþunaðar, framleiðslu á efni til birtingar o.s.frv.) getur farið fram í aðildarríkjunum eða þriðju löndum.
3. Með kynningarstarfsemi skal leitast við að koma á tengslum milli æðri menntunar og rannsókna og nýta mögulega samvirkni hvenær sem kostur er á.
4. Með þessari aðgerð er Bandalaginu heimilt að styðja alþjóðlegt samstarfsnet þar sem fengist er við þessi málefni.
5. Bandalaginu er heimilt, eftir því sem við á, að styðja viðeigandi tilraunaverkefni á vegum þriðju landa í því skyni að þróa frekar samstarfið við löndin, sem um ræðir, á sviði æðri menntunar.
6. Bandalagið skal styðja samtök allra fyrrverandi námsmanna (frá þriðju löndum og Evrópu) sem hafa útskrifast úr Erasmus Mundus meistaranámsáætluninni.

AÐGERÐ 5: TÆKNILEGAR STUÐNINGSRÁÐSTAFANIR

Við framkvæmd áætlunarinnar er framkvæmdastjórninni heimilt að njóta aðstoðar sérfræðinga, framkvæmdastofnunar, þar til bærra fyrirliggjandi stofnana í aðildarríkjunum og, ef nauðsyn krefur, annarrar tegundar tækniástoðar, þar sem fjármögnunin fer fram innan heildarfjárhagsramma áætlunarinnar.

VALAÐFERÐIR

Mælt verður fyrir um valaðferðirnar eins og kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr. Eftirfarandi ákvæði gilda um þessar aðferðir:

- a) val á tillögum samkvæmt aðgerð 1 og 3 skal vera í höndum dómnefndar undir stjórn formanns sem nefndin kys en í henni sitja einstaklingar sem njóta mikillar virðingar á fræðasviðinu og sem eru fulltrúar fyrir fjölbreytileika á sviði æðri menntunar í Evrópusambandinu. Dómnefndin skal tryggja að Erasmus Mundus meistaranámsáætlunin og samstarfsaðilar séu framúrskarandi að gæðum á fræðasviðinu,
- b) hver Erasmus Mundus meistaranámsáætlun fær úthlutað tilteknum fjölda styrkja samkvæmt aðgerð 2,

Stofnanirnar, sem taka þátt í Erasmus Mundus meistaranámsáætluninni, sjá um að velja námsmenn frá þriðju löndum. Valaðferðir skulu fela í sér jöfnunarkerfi innan Evrópu til að halda jafnvægi milli fræðasviðanna og lögheimilis námsmanna og fræðimanna og viðtökuaðildarríkisins,
- c) framkvæmdastjórnin velur tillögur samkvæmt aðgerð 4,
- d) valaðferðirnar skulu fela í sér ráðgjöf við stofnanirnar sem eru tilnefndar í samræmi við b-lið 2. liðar 6. gr.